



## LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 4. apríl 2014

**Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um 413. mál á 143. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum (innheimta lífeyrisiðgjalfa).**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 1. apríl sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp.

Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að það sé lagt fram til að taka af allan vafa um heimildir Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda til þess að krefja þann sem innheimta sjóðsins beinist að um greiðslu kostnaðar sem innheimtunni fylgir og þar með talið vegna kostnaðar sem er samfara aðkeyptri innheimtuþjónustu.

Óeðlilegt verður að teljast að Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda og þar með allir sjóðfélagar þess sjóðs beri kostnað sem fylgir því lögbundna hlutverki sjóðsins að innheimta vangreidd iðgjöld vegna eftirlits ríkisskattstjóra með iðgjaldaskilum þegar ekki liggar fyrir til hvaða sjóðs greiða ber, sbr. 5. mgr. 6. gr. laga nr. 129/1997, um skylduttryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Því lýsa Landssamtök lífeyrissjóða yfir fullum stuðningi við frumvarpið sem ætlað er að veita sjóðnum skýra lagaheimild til að krefja þann sem er í vanskilum um iðgjöld um greiðslu þess kostnaðar sem fylgir innheimtunni.

Virðingarfyllst  
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða  
  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri